



Ágætu bæjarstjórar, fjármálastjórar
Hafnarfjarðar, Kópavogs og Garðabæjar

Garðabæ 3. október 2019

Á fundi Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis sem var haldinn 30. september s.l. var samþykkt meðfylgjandi fjárhagsáætlun fyrir heilbrigðiseftirlitið fyrir árið 2020 og tillaga að tíma- og sýnagjöldum á árinu 2020. Þurfa þau staðfestingu hjá sveitarfélögunum.

Meðfylgjandi eru gögn sem tengjast fjárhagsáætlunni, en helstu niðurstöður hennar eru eftirfarandi:

Lagt er til að tímagjald verði kr. 17.500 á árinu 2020.

Lagt er til að sýnatökugjald verði kr. 18.000 á árinu 2020.

Gjöldin eru reiknuð samkvæmt leiðbeinandi reglum umhverfisráðherra um uppbyggingu gjaldskráa fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnareftilit sbr. ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr.7/1998. Innheimt gjald skal ekki vera hærra en raunkostnaður við vinnuna sem er framkvæmd s.s. vegna eftirlits, vottorða eða leyfisveitinga. Öll gjöld sem innheimt eru af heilbrigðiseftirliti eru reiknuð út frá tímagjaldi. Sama gildir um matvælaeftirlit, það skal fjármagnað á svipuðum forsendum og gilda um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Stuðst er við minnisblað Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 1. júlí 2019 þar sem gert er ráð fyrir að vísitala neysluverðs hækki um 3,2% og launavísitala um 5,5%. Útgjöld vegna launa eru um 70% af rekstrarkostnaði eftirlitsins. Hækkun tímagjalds er í samræmi við þá niðurstöðu.

Hundaftirlitsgjald verði kr. 14.000.

Skráningargjald hunda verði kr.10.000.

Gerð er tillaga um að lækka skráningargjald hunda þar sem ætlunin er að vera með átak á næsta ári í að bæta skráningu þeirra, en eftirlitsgjald látið fylgja verðlagshækkunum. Gert er ráð fyrir í áætluninni að framlög sveitarfélaganna verði 30,7% af rekstrargjöldum eftirlitsins og er það aðeins lægra hlutfall en var 2018. Annar rekstrarkostnaður er greiddur af eftirlitsþegum og með sértekjum í samræmi við gjaldskrá sbr. það sem fram kemur varðandi uppbyggingu gjaldskrár.

Gert er ráð fyrir í áætluninni að tekið verði í notkun nýtt tölvu- og málakerfi á árinu 2020 og eins verði aukin kraftur lagður í umhverfisvöktun með fjölgun loftgæðastöðva og gerð viðbragðsáætlana sem taka til skammtímaaðgerða varðandi hvaða aðgerða skal grípa til að bæta loftgæði.

Að öðru leyti vísun við í ítarlega greinargerð með fjárhagsáætluninni.



Fjárhagsáætlun fyrir árið 2020

	Fjárhagsáætlun 2020		
	Hundaeftirlit	Heilbr.eftirlit	Samtals
Rekstrartekjur			
Eftirlitsgjöld	21.200.000	100.000.000	121.200.000
Leyfisgjöld	2.500.000	6.000.000	8.500.000
Aðrar tekjur	500.000	6.000.000	6.500.000
	24.200.000	112.000.000	136.200.000
Gjöld			
Heilbrigðisnefnd	720.000	4.080.000	4.800.000
Laun og launat.gjöld	12.500.000	129.000.000	141.500.000
Húsnæðiskostnaður	1.260.000	7.140.000	8.400.000
Skrifstofukostnaður	1.800.000	10.200.000	12.000.000
Tölvukostnaður * nýtt málakerfi		2.000.000	2.000.000
Akstur	600.000	3.400.000	4.000.000
Funda- og fræðslukostnaður	180.000	1.020.000	1.200.000
Aðkeypt þjónusta	1.000.000	13.500.000	14.500.000
Annar rekstrarkostnaður	6.000.000	2.000.000	8.000.000
	24.060.000	172.340.000	196.400.000
Rekstrarniðurstaða ársins	140.000	-60.340.000	60.200.000
Framlög aðildarfélaga			
Hafnarfjarður	Hafnarfjarður		21.594.258
Garðabær	Garðabær		11.811.296
Kópavogur	Kópavogur		26.794.446
Niðurstaða ársins			0

Virðingarfyllst,

Hörður Þorsteinsson

framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis